**Viðauki við samkomulag**

**fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**
**annars vegar**
**og**
**Þroskaþjálfafélag Íslands**
**hins vegar**

**um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila**

## Bókun 1

Aðilar vita að starf þroskaþjálfa innan framhaldsskólanna verður að vera aðlagað að starfi skólans og starfstíma. Almennur starfstími þroskaþjálfa samkvæmt kjarasamningi er ekki miðaður við þann starfstíma. Samningsaðilar eru sammála um að beina því til framhaldsskólanna að þeir geri samkomulag um vinnutíma, á grundvelli greina 2.1.1 og 2.1.2 í kjarasamningi félagsins, um störf þroskaþjálfa í skólum sínum. Í því verði leitast við að tryggja að störf þroskaþjálfa falli að starfsemi framhaldsskóla og að skapa svigrúm til að sinna störfum, þ.á.m. endur- og símenntun, sem falla utan kennslustunda.

Reykjavík, 6. júní 2011

f.h. fjármálaráðherra með fyrirvara um samþykki

f.h. Þroskaþjálfafélags Íslands með fyrirvara um samþykki félagsmanna